



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VERÐLAUN VEGNA FORVARNARDAGSINS 2010

Í dag sunnudaginn 5. desember kl. 14:00 afhendir forseti Íslands á Bessastöðum verðlaun í ratleik Forvarnardagsins 2010. Verðlaunahafarnir koma frá Árskóla á Sauðárkróki, Flúðaskóla á Flúðum og Vallaskóla á Selfossi. Koma þeir til Bessastaða ásamt fjölskyldum sínum, kennurum, skólastjórnendum og aðstandendum Forvarnardagsins.

Ratleikurinn var á vegum Bandalags íslenskra skáta, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands en þessi heildarsamtök íþrótt- og æskulýðsmála standa að Forvarnardeginum ásamt Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lyfjafyrirtækið Actavis er styrktaraðili verkefnisins og framkvæmd þess annast Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík.

Í ár var Forvarnardagurinn haldinn í fimmta sinn. Fólst hann í umræðum og verkefnavinnu um fíkniefni í níunda bekk grunnskóla landsins í samvinnu við forvarnarfulltrúa, kennara og skólastjórnendur. Markmið dagsins var að efla forvarnarstarf í skólum, hvetja unglinga til að draga sem lengst að neyta áfengis og annarra fíkniefna og að minna á að samvera með fjölskyldu og þátttaka í heilbrigðu félagsstarfi vegur þungt í baráttunni gegn fíkniefnum.

Fjölmiðlum er boðið að vera viðstaddir verðlaunaafhendinguna og ræða við verðlaunahafa.

5. desember 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir verkefnisstjóri (863 3631), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).